

Til Menntamálanefndar Alþingis.

Á fundi skólanefndar Íðnskólans í Reykjavík sem haldinn var þriðjudaginn 29. nóvember s.l. var fjallað um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Skólanefndin fagnar framkomnu frumvarpi og ýmsum nýjungum sem þar koma fram. Nefndin styður þá áherslu sem lögð er á starfsnám og tengsl skóla við hinar ýmsu starfsgreinar vinnumarkaðarins sem fram kemur í IX kafla frumvarpsins. Nauðsynlegt er að auka samvinnu og samskipti á milli grunn- og framhaldsskóla, þó svo að gerð séu skýr skil á kennslufræðilegu stigi. Nefndin vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við einstakar greinar frumvarpsins.:

Um 3. gr.:

Skólanefndin telur eðlilegt að í 3. gr. sé einungis kveðið á um að árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skuli vera 9 mánuðir. Nefndin telur varla eðlilegt að binda alveg fast fjölda kennsludaga, þó mætti setja ytri mörk þannig að kennsla sé innan ákveðinna marka. Semja þarf við kennara um breyttan og sveigjanlegri vinnutíma.

Um 6. og 7. gr.:

Með hliðsjón af breyttu hlutverki skólanefnda, skv. frumvarpinu, styður skólanefndin þá breytingu í 6. grein að fækka fulltrúum í skólanefnd úr sjö í fimm. Skólanefndin telur þó að sveitarstjórn eða sveitarstjórnir eigi að tilnefnda þrjá af þessum fimm fulltrúum en tveir fulltrúar séu skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Margt mælir með því að heimamenn sem njóta þjónustu skólans eigi meirhluta fulltrúa í skólanefnd. Þá styður skólanefndin eindregið þá nýjung í 7. gr. að skólanefnd geri fjárhagsáætlun til þriggja ára í senn. Þó telur nefndin rétt að inn í löginn komi ákvæði um að þessar fjárhagsáætlanir séu gerðar í samráði við skólameistara.

Um 11. gr.:

Skólanefndin telur að skipunartími skólameistara þurfi að vera lengri en 5 ár til að meiri festa fái í störf skóla.

Um 16. og 17. gr.:

Það er mat skólanefndar að verði þessar greinar að lögum muni það hafa mjög óheppilegar afleiðingar í för með sér fyrir skólakerfið í landinu. Ekki verður séð að markmið frumvarpsins um að efla starfsnám náist með þessum hætti. Greinarnar fela í sér verulega aukna sérhæfingu á einstökum námsbrautum, bæði í sérgreinum og ekki síður hinum almennu greinum. Hætt er við að það muni leiða fjölmarga nemendur inn á blindgötur en vitað er að margir nemendur skipta um skoðun og vilja færa sig á milli brauta. Þessi ákvæði fela í sér að þeir nemendur verða að byrja nánast frá grunni aftur.

Um 24. gr.:

Skólanefndin varar við því að tekin verði upp samræmd próf í framhaldsskólum nema sem lokapróf fyrir starfsréttindaöflun. Í því felst ákveðið gildismat þar sem reikna má með að einungis valdar námsgreinar verði felldar undir slík samræmd próf. Skólanefndin mælir með öðrum aðferðum í ytra eftirliti, t.d. samræmdum könnunarprófum, en skólar geta nýtt sér niðurstöður þeirra til að bæta veikleika sína.

Um 26. gr.:

Bent er á að eðlilegra sé að samtök sveina og meistara tilnefni fulltrúa í samstarfsnefnd en að ASÍ og VSÍ geri það og ekki verður séð að neitt kalli á að BSRB og VSS tilnefni menn í slíka nefnd. Slík nefnd ætti að vera skipuð fulltrúum laufólks og vinnuveitenda úr þeim starfsgreinum sem helst þurfa á starfsnámi að halda.

Um 27., 28. og 29. gr.:


Varað er við breytingu hugtaka úr iðngrein osfrv. í starfsgrein. Brýnt er að breytt hugtakanotkun stuðli ekki að því að minni kröfur verði gerðar til iðnmenntunar en nú er. Þvert á móti þarf að auka slíkar kröfur nú, þegar framundan er frjáls samkeppni á evrópskum vinnumarkaði.

Skólanefndin bendir á nauðsyn þess að fólk með kennaramenntun sé í starfsgreinaráði (iðngreinaráði). Að öðru leyti hvetur nefndin til þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Fulltrúi nemenda í skólanefnd er ósammála niðurstöðum skólanefndarinnar varðandi 6., 7. og 11. gr.

Reykjavík 29. nóv. 1994,

f.h. Skólanefndar Iðnskólans í Reykjavík,


Gunnar S. Björnsson, formaður